Fullgild rafræn undirskrift
HJALTI EYÞÓR ÁRNASON
Kennitala: 010870-4889
2026-10-30 09:59:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ARNAR MÁR ELÍASSON
Kennitala: 230579-4239
2026-10-30 10:23:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

BYGGÐASTOFNUN

Ákvörðun Á-3/2026

Kvörtun vegna þjónustu Íslandspósts ohf.

1. Málsmeðferð

(1) Byggðastofnun hefur haft til meðferðar kvörtun húsfélags fjöleignahússins að Sólheimum 23, Reykjavík vegna þjónustu Íslandspósts ohf.(hér eftir ÍSP) á grundvelli laga nr. 98/2019 um póstþjónustu.

(2) Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 98/2019 (lög um póstþjónustu) eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 76/2021 geta neytendur beint kvörtun til Byggðastofnunar telji þeir, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að póstrekandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögunum eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi eða skilgreindum alþjónustukvöðum.

(3) Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal Byggðastofnun leita álits viðkomandi póstrekanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt.

(4) Kvörtunin barst ekki í gegnum heimasíðu stofnunarinnar. Byggðastofnun heyrði fyrst af væntanlegu erindi á fundi með þjónustustjóra ÍSP í maí 2026 og tölvuskeyti barst stofnuninni 29. maí 2026 frá Róberti Smára Þórissyni f.h. húsfélagsins þar sem spurst var fyrir um kröfur byggingarreglugerðar um póstkassasamstæður f.h. húsfélags fjölbýlishússins að Sólheimum 23, Reykjavík.

2. Málavextir

(5) Málavextir voru í stuttu máli þeir að ÍSP hafði tilkynnt kvartanda um að póstþjónustu (útburði póstsendinga) í húsið að Sólheimum 23, Reykjavík yrði hætt nema settar væru upp

póstkassasamstæður í anddyri hússins eins og krafa er um í núgildandi byggingarreglugerð nr. 112/2021, gr. 6.13.

(6) Samskipti ÍSP við formann húsfélagsins fylgdu kvörtun þess til Byggðastofnunar og þau sýna glögglega að kvartandi andmælti áformum ÍSP, m.a. á þeim grunni að þegar fjölbýlishúsið að Sólheimum 23 var byggt hafi ekki verið gerð krafa um það í (þágildandi) byggingarreglugerð að póstkassasamstæður skyldu vera í anddyri fjölbýlishúsa en húsið er byggt árið 1961.

(7) Ákvæði um frágang bréfarifa og bréfakassa s.s. um stærð og staðsetningu hafa verið í gildi í allmörg ár og þau komu inn í byggingareglugerð nr. 441/1998, með reglugerð 133/2002. Sambærilegt ákvæði hafði áður verið í 12. gr. reglugerðar um grunnpóstþjónustu nr. 505/1997 og fyrir þann tíma í reglugerð um póstþjónustu nr. 161/1990. Ekki er að sjá að kröfur um póstkassasamstæður í fjölbýlishúsum hafi verið í reglum fyrir þann tíma, hvorki í reglugerð um póstþjónustu né í byggingarreglugerð.

(8) Fjölbýlishúsið að Sólheimum 23 er byggt árið 1961 eins og áður segir. Á þeim tíma voru ekki gerðar kröfur um það í byggingarreglugerð eða Byggingarsamþykkt fyrir Reykjavíkurborg (1945) að póstkassasamstæður skyldu vera í anddyrum slíkra húsa. Taka verður mið af þeim réttarheimildum sem giltu á þeim tíma sem húsið var byggt enda meginreglan sú að breytingar á ákvæðum byggingarreglugerðar eru ekki afturvirkar.[1]

(9) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2020 er ÍSP alþjónustuveitandi í póstþjónustu á landinu öllu. Samkvæmt 9. gr. laga um póstþjónustu nr. 98/2019 eiga allir notendur póstþjónustu á Íslandi rétt á alþjónustu sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði. Undantekningar frá þjónustuskyldunni eru greindar í 10. gr. og eiga ekki við í þessu máli.

(10) Í 27. gr. laganna er fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga. Í 4. mgr. er kveðið á um að póstsendingu skuli komið til þess sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda, á afgreiðslustað eða sjálfsafgreiðslukassa, með skönnun á afhendingarstað ef við á, eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Í 6. mgr. er tekið fram að póstrekendum sé heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfakassar eða bréfalúgur viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða reglugerðar um alþjónustu.

(11) Það er niðurstaða Byggðastofnunar að ÍSP, sem alþjónustuveitanda sé ekki heimilt að stöðva útburð í fjölbýlishúsið að Sólheimum 23, Reykjavík á þeim grunni að þar sé ekki bréfakassasamstæða í anddyri.

[1] Sjá t.d. ákvörðun PFS nr. 18/2017, bls 7

ÁKVÖRÐUNARORÐ

1. **Íslandspósti ohf. er ekki heimilt að hætta útburði póstsendinga til viðtakenda þeirra í fjöleignahúsinu að Sólheimum 23, Reykjavík, á þeim grunni að ekki sé bréfakassasamstæða í anddyri hússins þar sem ekki var gerð krafa um slíkt í byggingarreglugerð á þeim tíma er húsið var byggt.**
2. **Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

Sauðarkrókur 30. október 2026

Hjalti Árnason *Arnar Már Elíasson*